



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis – og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17.5.2023

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþágna frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi (1028. mál, 153. löggjafarþings) – Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ)**

I.

ASÍ hefur um langt skeið verið óþreytandi í að fjalla um og vekja athygli stjórnvalda og annarra á þeirri afleitu stöðu sem húsnæðismál á Íslandi eru í. Sú staða er fyrst og fremst tilkomin vegna þess að engin heildarsýn hefur verið til staðar í húsnæðismálum og í raun má segja ábyrgðarflótti ríkis og sveitarfélaga. Því er sú staða komin upp núna að þau kaflaskil eru komin í íslenskri húsnæðissögu að stjórnvöld hafa játað sig sigruð þegar kemur að því grundvallarhlutverki að tryggja okkar berskjölduðustu systkinum aðgang að tilhlýðilegu húsnæði og þurfa nú að gefa undanþágur frá þeim lágmarkskröfum sem um húsnæði verið sett.

ASÍ vill taka það sérstaklega fram að það frábiður sér þá umræðu að húsnæðisvandinn sem upp er komin sé vegna til komin vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd, vandinn er miklu umfangsmeiri en það og á sér langan aðdraganda.

Í umsögnum um þingsályktun um fjármálaáætlun 2022-2026<sup>1</sup> sagði ASÍ m.a.:

***Alþýðusambandið lýsir yfir verulegum vonbrigðum með litla umfjöllun og skort á aðgerðum til að bregðast við stöðunni á húsnæðismarkaðnum. Frumvarpið gerir einungis ráð fyrir 2,9% aukningu í húsnæðisstuðning og ekki eru gerðar breytingar á fyrirliggjandi forsendu um fjármögnun uppbyggingu óhagnaðardriffinna leiguíbúða, þrátt fyrir að allir stjórn málaflokkar hafi verið sammála fyrir kosningar um þörfina á auknum framlögum til almenna íbúðakerfisins.***

<sup>1</sup> <https://www.asi.is/um-asi/hlutverk-og-saga/umsagnir-um-thingmal/frumvarp-til-fjarlaga-fyrir-arid-2022-1-mal-frumvarp-til-laga-um-breytingar-a-ymsum-gjoldum-3-mal-og-thingsalyktunartillaga-um-fjarmalastefnu-2022-2026-2-mal/>



.....

*Íslenskur leigumarkaður er óskipulagður og hlutfall óhagnaðardrífins húsnæðis er lítið, leigjendur njóta takmarkaðrar verndar og hafa veika samningstöðu. Í yfirlýsingu stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum 2019 voru boðaðar umbótaáðgerðir á leigumarkaði sem ekki hefur verið fylgt eftir. **Alþýðusambandið kallar eftir stórataki í húsnæðismálum, sem eru um leið eitt af stærstu kjaramálunum og mun ráða úrslitum um árangur kjarasamninga á næsta ári.***

Sambærilega umfjöllun, áskoranir og varnaðarorð má finna í öðrum umsögnum ASÍ um fjármálaáætlanir og viðlíka mál undanfarin ár og áratugi.

Á nýliðnu 45. þingi ASÍ segir m.a. í greinargerð með ályktun um húsnæðismál<sup>2</sup>:

*Síðustu ár hefur töluvert verið byggt af íbúðarhúsnæði. Frá 2017 hefur íbúðum fjölgað meðaltali um 3.200 á hverju ári. Spár um íbúðabyggingu næstu árin gera ráð fyrir svipaðri þróun. Það er mikill fjöldi í sögulegu samhengi. **Ástæðan fyrir því er töluvert íbúðarþörf, annars vegar vegna þess að fjölgun íbúða var mjög lítil á árunum 2009-2014 og hins vegar vegna mikillar eftirspurnar eftir húsnæði sem ferðapjónusta leiðir. Vegna aukinnar eftirspurnar vakna spurningar um hvort tryggt sé til skamms tíma að nægilegur fjöldi íbúða verði byggður. Til lengri tíma skiptir máli að jafna sveiflur á byggingamarkaði, stórauka fagmenntun ásamt því að stuðla að áreiðanlegra umhverfi í geiranum.***

Hægt er að fara lengra aftur og má t.d. vísa í ályktun 41. þings ASÍ (árið 2014) um húsnæðismál<sup>3</sup>

***Stjórnvöld bera ábyrgð á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum og ber félags- og húsnæðismálaráðherra ekki bara skylda til að veita málaflöknum forystu og finna lausnir heldur einnig að veita nauðsynlegum fjármunum til málaflökksins. Til þess eru stjórnámálamekkur kosnir. Fulltrúar á 41. þingi Alþýðusambands Íslands **krefjast úrbóta nú þegar því margir félaga okkar eru í húsnæðiserfiðleikum og geta ekki beðið lengur. Ekki fleiri nefndarfundir, nú er kominn tími á efndir.*****

II.

Um leið og ASÍ harmar að þessi staða sé nú komin upp þá horfist ASÍ jafnframt í augu við það að ástandið kallar því miður á nauðsyn þess að eitthvað stórvægilegt verði gert. Því er það með trega, sbr. allt framangreint, sem ASÍ styður það að frumvarp þetta verði að lögum.

Að lokum ítrekar ASÍ fyrri sjónarmið um að stjórnvöld axli raunverulega ábyrgð á

<sup>2</sup> <https://www.asi.is/thing2022/husnaedismal-og-velferd/>

<sup>3</sup> <https://www.asi.is/thing/alyktanir/>



Alþýðusamband Íslands

húsnæðisskortinum og skorar á stjórnvald að ráðast í raunverulegar úrbætur þannig að tryggt verði að ekki þurfi að framlengja þær tímabundnu undanþágur sem hér er verið að leggja til.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

---

Halldór Oddsson

Sviðsstjóri Lögræði- og vinnumarkaðssviðs ASÍ

[halldoro@asi.is](mailto:halldoro@asi.is) / 5355600